

Mál nr.12/2014

Ár 2015, mánudaginn 16. febrúar var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 12/2014

X

gegn

Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (X) dagsettu 14. maí 2014 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Z) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B þar sem tíkin var of gömul fyrir fyrsta got. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 2. júní og henni gefinn andmælafrestur til 30. júlíní. Kærða nýtti sér ekki andmælafrest sinn innan tímamarka og var henni send ítrekun með bréfi dagsettu 14. október 2014 og henni gefinn viðbótarfrestur til 21. október sem kærða sinnti ekki heldur. Þar eð siðanefnd taldi útséð um að kærða myndi nýta sér andmælarétt sinn né á nokkurn hátt koma fram með rök sín í málinu þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar, byggt á þeim gögnum sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 7. maí 2014 var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 31. október 2013. Hundarnir eru af kyninu Shih Tzu og er tíkin í eigu kærðu. Við pörunina var tíkin orðin 7 ára og þar með of gömul þar eð þetta var fyrsta pörun hjá henni. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærða hefur ekki komið fram með útskýringar á pöruninni né haldið uppi vörnum í málinu.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ segir:

„3.5. Ef tík er pöruð eftir 7 ára aldur skal fylgja pörunarvottorði vottorð frá dýralækni, sem vottar að tíkin hafi verið í líkamlega góðu ástandi fyrir pörun og geti gengið með hvolpa og alið önn fyrir þeim án þess að það komi niður á heilsu hennar. Para ekki tík sem er orðin 7 ára gömul hafi hún ekki átt hvolpa áður.”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 31. október 2013 var tíkin orðin 7 ára gömul og 83 dögum betur og var þetta hennar fyrsta pörun. Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skal ekki para tík eftir 7 ára aldur hafi hún ekki átt hvolpa áður og hefur kærða því gerst brotleg við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða hefur ekki útskýrt á neinn hátt þann ásetning að para tók sem var of gömul fyrir fyrstu þörun. Það er því mat siðanefndar að ekki verði hjá því komist að úrskurða kærðu brotlega við grundvallarreglur fyrir félagseminn í HRFÍ. Siðanefnd bendir á að grundvallarreglurnar eru settar með velferð og heilbrigði hundanna að leiðarljósi og það er ekki tilviljun hvar aldursmörk og önnur viðmið eru sett. Þessar reglur eiga góðir ræktendur að virða skilyrðislaust og haga þörunum hunda sinna þannig að ekki komi til að reglurnar verði brotnar. Telur siðanefnd vera hæfilega refsingu að beita áminningu.

IV Niðurstaða

Kærða Z telst hafa gerst brotleg við grein 3.5 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða er áminnt

f.h. siðanefndar

Anna María Flygenring

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir